

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna minnkunar frístundabyggðar í Útey II og nýrrar frístundabyggðar norðan Ósholts.

Skipulagsstofnun staðfesti 7. febrúar 2025 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. nóvember 2024.

Í breytingunni í Útey II felst að alls minnkar frístundabyggð F21 í 289,5 ha og landbúnaðarsvæði stækkar sem breytingunni nemur. Þá er ný 7,8 ha frístundabyggð F113 skilgreind. Norðan Ósholts er þremur nýjum reitum bætt við fyrir frístundabyggð, F110, F111 og F112, samanlagt 22,6 ha að stærð. Jafnframt verður staðsetning vatnsbóls VB5 og efnistökusvæðis E25 leiðrétt. Grann- og fjarsvæði í kringum VB5 eru skilgreind á uppdrætti.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 7. febrúar 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 20. febrúar 2025